

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 8. júní 2021


FRÉTTABLAÐIÐ

Bíll ársins 2021 er VW ID.4



MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Á hverju ári hittist hópur sem kallar sig Bandalag íslenskra bílablaðamanna og velur bíl ársins úr þeim bílum sem komið hafa nýir frá síðasta vali. Tæp tvö ár eru síðan að valið fór síðast fram, en gert var hlé á valinu í fyrra vegna heimsfaraldursins. Sigurvegarinn í ár kemur úr smiðju Volkswagen en þrír efstu bílarnir í valinu koma frá VW samsteypunni. **4**



Hilmar Lúthersson er mörgum kunnur en sýning á verkum hans er á Mótorhjólasafni Íslands í sumar. **10**



Skoda Enyaq er enn ein snilldin frá Skoda en hann er á sama MEB-undirvagni og systurbíllinn VW ID.4. **6**



Opel Mokka er bragðgóð blanda frá þýska bílaframleiðandanum en hér er á ferðinni rafútgáfa hans. **8**

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.





Ford Mustang Mach E rafbíllinn seldist í 1.384 eintökum í maímánuði í Noregi.

Stóru bílaframleiðendurnir höggva í sölu Tesla í Noregi

Viðmiðunarland framleiðenda þegar kemur að rafbílum er Noregur en þar í landi seljast þeir betur heldur en bílar búnir brunahreyflum.

njall@frettabladid.is

Með tilkomu vinsælla og hagkvæmra rafbíla frá stóru bílaframleiðendum á undanförunum mánuðum hefur það gerst að Tesla hefur fallið niður lista yfir mest seldu rafdrifnu ökutækini í Noregi.

Í apríl var það Volkswagen ID.4 sem var söluhæsti rafbíllinn hjá nágroñnum okkar en sá sem hirti toppsætið í maí er Ford Mustang Mach E en hann er nýkominn á markað. Alls seldust 1.384 eintök af bílunum í maí, sem er 9,8% allra seldra bíla í Noregi í mánuðinum. Vert er að taka fram í þessu

» Í apríl var það VW ID.4 sem var söluhæsti rafbíllinn.

samhengi að hreinir rafbílar eru 60% seldra bíla í maímánuði og ef tengiltvinnbílum er bætt við fer prósentan upp í 83,3%. Tesla Model 3 fellur niður í fimmta sæti með 504 selda bíla en fyrir ofan hann eru systurbílarinn Skoda Enyaq með 795 eintök og VW ID.4 með 774, og svo Volvo XC40 P8 Recharge með 563 selda bíla.

Þess ber að geta að stórar sendingar rafbíla hafa haft áhrif á markaðinn á síðustu misserum en þessar tölur gefa samt ákveðna vísbendingu um að forskot Tesla á þessum markaði sé að dvína. ■

Topp tíu-sala rafbíla í maí

Ford Mustang Mach-E 1.384

Skoda Enyaq iV 795

Volkswagen ID.4 774

Volvo XC40 P8 Recharge 563

Tesla Model 3 504

Mercedes-Benz EQC 492

Audi e-tron 447

Nissan Leaf 285

Polestar 2 280

MG ZS EV 195



BMW iX vekur athygli fyrir stórt nýrnagrill sem í raun er óþarfi í rafbil.

BMW iX kemur í október til landsins

Von er á nýjasta rafbil BMW í október til landsins, sem er mánuði áður en hann kemur til Bretlands til að mynda. BMW hefur gefið út fullkomna tæknilyfsingu yfir bílinn en einnig er kominn íslenskur verðlisti en iX mun kosta frá 10.990.000 kr. hér á landi.

njall@frettabladid.is

Nýi bíllinn er búinn fimmtu kynslóð eDrive rafmótora sem taka minna pláss en áður um leið og þeir skila meira afli. Tvær útgáfur verða í boði til að byrja með ásamt tveimur rafhlöðum. Grunngerðin er iX xDrive40 sem er með fjórhjóladrifi og aflíð 322 hestöfl með 630 Nm tugi. Hröðunin er 6,1 sekúnda í hundraðið sem er gott fyrir grunnútgáfu. Rafhlaðan er 71 kWst og er drægi hennar 415 km, en hægt er að hlaða hana á hálf tíma í 80% hleðslu í 150 kW hleðslustöð. Í iX xDrive 50 er 105,2 kWst rafhlaða með 610 km drægi, svo að hann hefur aðeins meira drægi en Tesla Model X Long Range sem hann keppir við. Öflugasta útgáfan er með 516 hestöfl og 765 Nm tog til að spila úr og það þýðir að bíllinn kemst í hundraðið á aðeins 4,6 sekúndum. Von er á M60 útgáfu á næsta ári sem á að vera vel yfir 600 hestöfl.

» Öflugasta útgáfan er með 516 hestöfl og 765 Nm tog til að spila úr og það þýðir að bíllinn kemst í hundraðið á aðeins 4,6 sekúndum.

Meðal staðalbúnaðar verður Harman Kardon hljómkarfi og stafrænt lykilaðgengi gegnum snjallsíma í öllum útgáfum hans en dýrari útgáfur fá fjórhjólástýringu. Að sögn tæknimanna BMW er vinnslugeta tölvubúnaðar iX-bílsins 20 sinnum hraðvirkari en áður hefur sést í framleiðslubíl og ekki veitir af þegar horft er til tæknibúnaðar bílsins. Líkt og í BMW i4 eru tveir skjáir, annar 12,3 tommur en hinn 14,9 tommur fyrir miðju. Að sögn Guðmundar Inga Gústavssonar hjá BL er von á fyrstu bílunum í október og verða báðar útgáfur hans til reynsluaksturs. Dýrari 50 Launch Edition-útgáfan kostar 15.990.000 kr. og verður meðal annars boðinn með opnanlegu glerþaki og laserljósum. ■

Harley-Davidson með nýtt rafhjól

njall@frettabladid.is

Harley-Davidson mótörhjólarisinn er með nýtt rafhjól á þrjónunum sem frumsýna á í næsta mánuði. Hjólið verður hluti af nýju merki fyrirtækisins fyrir rafhjól en það kallast LiveWire og var tilkynnt um það í síðasta mánuði.

» Hjólið verður hluti af nýju merki sem kallast LiveWire.

Nýja hjólið verður frumsýnt á mótörhjólasýningu þann 8. júlí og er hugsanlega með FlatTrack-hönnun ef marka má hönnunarmyndir frá fyrirtækinu. Stóra LiveWire



Líklega er nýja LiveWire rafhjólíð með þessu FlatTrack-útliti, en eins og sjá má af númeraplötu er það hugsað fyrir götuakstur.

hjólið hefur seldist í 30.000 eintökum og er mest selda rafdrifna mótörhjólið í Bandaríkjunum, þrátt fyrir hátt verð. Það sem Harley-Davidson

þarf á að halda er einfalt og ódýrara hjól fyrir yngri kaupendur og FlatTrack-hjólið gæti einmitt höfðað til þeirra. ■



Sexhyrnt stýrishjól og bogadregið mælaborð með tveimur upplýsingaskjáum verður í bílunum, annar 12,3 tommur og hinn 14,9 tommur.

IGLOOCAR®

Yfirbyggingar á vörubifreiðar

IGLOOCAR®



GS

G. SKAPTASON EHF

www.gson.is

Gæði á hagstæðu verði

Sími: 481 1020 - 893 4334

RAFMAÐNADUR ENYAQ iV

412 til 536 km drægni (WLTP)



ŠKODA



FRAMSÆKINN OG VISTVÆNN FERÐAFÉLAGI

Škoda Enyaq er afskaplega rúmgóður og með stórt skott. Hin fjölmörgu geymsluhólf og faglegur frágangur heilla en umhverfisvæna áklæðið setur punktinn yfir i-ið. Škoda Enyaq iV er með úrval snjallausna sem auðvelt er að stjórna. Hann er næmur, framsækinn, nýjungagjarn og reiðubúinn í nýtt ferðalag með þér. Škoda Enyaq iV er í boði með tveimur stærðum af rafhlöðu, hiti í stýri er staðalbúnaður ásamt undirbúningi fyrir dráttarbeisli en dráttargetan er 1.000 kg. Komdu í heimsókn og prófaðu. Sjáumst hress!

Verð frá **5.790.000 kr.**

Veldu þinn Enyaq á www.hekla.is/skodasalur



Fylgdu okkur!



@skoda

5 ára ábyrgð fylgir folksbilum HEKLU að uppfylltum ákveðnum ábyrgðarskilmála. Þá er að títma á www.hekla.is/abyrgd

www.skoda.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Það var rafbíllinn Volkswagen ID.4 sem hlaut titilinn Bill ársins 2021 eftir nokkra bið. Er það annað skiptið í röð sem hreinn rafbíll sigrar og meira en helmingur bílanna í lokavalinu voru 100% rafbilar. Eini billinn sem ekki var rafmagnaður vann þó jeppaflokkinn en það var nýr Defender sem hélt uppi heiðri brunahreyfilsins.

Bill ársins er nú aftur valinn eftir tuttugu mánaða hlé, en vegna heimsfaraldursins var ákveðið að fresta valinu í fyrra fram til vorsins 2021.

Úrslitin í vali á Bíl ársins 2021 eru nú ljós en að þessu sinni var það rafbíllinn Volkswagen ID.4 sem bar sigur úr þýtum. Sigræði hann nokkuð örugglega með 838 stigum en næstur kom systurbíllinn Skoda Enyaq með 787 stig. Athygli vekur að í fjórum e–fstu sætum eru rafbilar en í 4.–5. sæti er jeppinn Land Rover Defender, sem er eini billinn í valinu sem ekki er að einhverju leyti rafmagnaður.

Sjö bílar í lokavalinu voru hreindir rafbilar svo að rafmagníð er að taka yfir, ef svo má segja.

Flokkur hinna stærri

Jeppaflokkurinn er eini flokkurinn þar sem að enginn bíll er 100% rafmagnaður. Guðjón Guðmundsson hjá Viðskiptablaðinu er hrifinn af nýjum Land Rover Defender. „Með fullkominni virðingu fyrir sögunni verður að segjast að nýr Defender býr auðvitað yfir mun meiri þokka og er satt best að segja einhver flottasta jeppayfirbygggingin á markaðinum í dag. Hann öskrar á mann að keyra sig og keyra sig út!“

Kristinn Ásgeirsson hjá visir.is tekur í sama streng. „Land Rover Defender er að innan eins og Suzuki Jimny á sterum. Afbragðs þróun og greinilegt að Defender hefur heimsótt síðmenninguna aðeins. Er að öðru leyti mjög reffilegur og fær í flestan sjó, næstum bókstaflega.“ Um Ford Explorer PHEV hafði Finnur Thorlacius þetta að segja: „Þvílíkur orkubolti, mikið pláss og ágætt verð og svo er líka hörkugaman að keyra hann.“

Aksturseiginleikar Opel Corsa e í flokki smærri fólksbíla kepptu tveir rafbilar og tvinnbíllinn Toyota Yaris sem nýlega vann titilinn Bill ársins í Evrópu. Hann varð í öðru sæti í flokknum en Opel Corsa e sigraði með öruggu forskoti og hrósuðu honum margir fyrir skemmtilega aksturseiginleika. Að mati Kristins Ásgeirsson hjá visir.is er Opel Corsa e skemmtilegur og góður bíll. „Hann býr yfir drægi sem dugur allflestum og það er skemmtilegt að keyra hann.“

Jóhannesi Reykdal hjá Bilablogg.is fannst skemmtileg keppni í flokki smábíla. „Það kemur enn á óvart hversu bæði Opel Corsa e og Toyota Yaris eru góðir valkostir í þessum flokki, en Honda e liður fyrir það að komast stutt á einni hleðslu.“

Að mati Finns Thorlacius hjá sjónvarpsþættinum Bílalífi er Honda e virkilega skemmtilega hannaður krúttbolti en liður fyrir drægi. Fleirum þótti vert að minnast á Honda e eins og Róbert Róbertssyni hjá Viðskiptablaðinu, en hann hafði þetta að segja um Honda e. „Honda e sker sig úr fjöldanum, sérstaklega fyrir útlitið sem er afar sérstakt en retró og flott í mínum huga. Billinn er ótrúlega lipur og auðvelt að leggja honum í stæði og taka á honum alls kyns snúninga.“ Björn Kristjánsson hjá FÍB-blaðinu nefnir að Toyota Yaris sé skemmtilegur akstursbíll með verðmiða stærri bíls.

Spennandi keppni

Keppnin var spennandi í flokki stærri fjölskyldubíla og aðeins munaði fjórum stigum á Volkswag-



Jóhann Ingi Magnússon, vörumerkja- stjóri Heklu, tekur við Stálstýrinu úr hendi Finns Thorlacius, formanns BIBB.

MYND/HAFSTEINN

Bill ársins 2021

VW ID.4 sigraði með nokkrum yfirburðum



Njáll Gunnlaugsson njáll@frettabladid.is

Hann kemur á óvart fyrir mikið rými, hreint ágæta aksturseiginleika og útlitslega er hann einn fallegustu rafbílanna í stærðarflokknum.

en ID.3 og Opel Mokka-e. Malín Brand hefur skrifað að undanförunni fyrir Bilablogg.is og hafði þetta að segja um Mokka-e. „Opel Mokka er skemmtilega hannaður rafbíll sem fæst í frábærum litum, eins og þessum græna. Vænn og grænn!“ Henni þótti líka mjög varið í nýjasta merkið í valinu en það er MG EHS PHEV tengiltvinnbíllinn „MG EHS PHEV er bíll með mjög marga stafi í nafni sínu, marga kosti, á gæstaðu verði og afar vel búinn.“

Björn Kristjánsson hjá FÍB blaðinu tiltók MG jeppinginn sérstaklega. „MG kemur sterkur inn á íslenskan markað með vel útbúinn bíl með einstaklega þýðgenga vél.“ Líkt og í flokki minni jeppa og jepplinga var nokkur munur á systurbílunum VW ID.4 og Enyaq annar vegar og Opel Mokka og Peugeot e-2008 hins vegar. Sýnir það að þótt að bílarnir séu byggðir á sama grunni skiptir alltaf máli hvernig lokaútkoman verður.

Með karakter og flott útlit

Sigur Volkswagen ID.4 þurfti svo sem ekki að koma á óvart enda stutt síðan að hann hlaut hin virtu verðlaun Heimsbíll ársins 2021. Guðjón Guðmundsson hjá Viðskiptablaðinu hrósar VD ID.4 fyrir rými. „Hann kemur á óvart fyrir mikið rými, hreint ágæta aksturseiginleika og útlitslega er hann einn fallegustu rafbílanna í stærðar-

Minni fólksbilar

- | | |
|-----------------------|----------|
| 1. sæti: Opel Corsa e | 768 stig |
| 2. sæti: Toyota Yaris | 719 stig |
| 3. sæti: Honda e 7 | 716 stig |

Stærri fólksbilar

- | | |
|-------------------------|----------|
| 1. sæti: VW ID.3 | 780 stig |
| 2. sæti: Opel Mokka-e | 776 stig |
| 3. sæti: Peugeot e-2008 | 744 stig |

Minni jeppar og jeppingar

- | | |
|----------------------|----------|
| 1. sæti: VW ID.4 | 838 stig |
| 2. sæti: Skoda Enyaq | 787 stig |
| 3. sæti: MG EHS PHEV | 761 stig |

Stærri jeppar og jeppingar

- | | |
|------------------------------|----------|
| 1. sæti: Land Rover Defender | 776 stig |
| 2. sæti: Kia Sorento PHEV | 761 stig |
| 3. sæti: Ford Explorer PHEV | 733 stig |



Allir bílarnir í flokki stærri fólksbíla voru rafbilar og bar þar VW ID.3 sigur úr þýtum en systurbílarnir Opel Mokka og Peugeot e-2008 komu næstir.

Land Rover Defender var eini órafmagnaði billinn í valinu og sigraði flokk stærri jeppa og jepplinga en tengiltvinnbílarnir Kia Sorento og Ford Explorer fylgdu í kjölfarið.



Sigurinn í flokki minni fólksbíla fór til Opel Corsa e en annar varð Toyota Yaris, en Honda e varð þriðji.



Tveir stigahæstu bílarnir komu úr flokki minni jeppa og jepplinga en þar sigraði VW ID.4 örugglega á undan Skoda Enyaq og MG EHS PHEV.

flokknum.“ Samstarfsmaður hans, Róbert Róbertsson, er sammála. „ID.4 er nútímalegur og töff hannaður að innan sem utan. Hann er einnig með mjög góða aksturseiginleika. Volkswagen hefur tekist vel til með þessum nýja bíl sem er sannkallað hæfileikabúnt.“

Bilablaðamaður Fréttablaðsins er sammála þeim kumpánum enda varð ID.4 efstur í hans vali. Þegar kom að því að velja á milli VW.ID.4 og Skoda Enyaq sem báðir hafa svo mikið til brunns að bera var það karakter og útlit ID.4 sem gerði gæfumuninn, sagði Njáll Gunnlaugsson. ■



Í verðlaunahófinu var elsti meðlimur BIBB, Sigurður Hreiðar, heiðraður sérstaklega en í ár eru liðin sextíu ár síðan að hann hóf skrif um bíla.

NÝ MOKKA-E – 100% RAFBÍLL

SPENNAN LOSNAR

Opel hefur verið í fararbroddi í þróun rafbílatækninnar. Nú þegar hafa átta rafbílur og 3 hybrid bílar litið dagsins ljós hjá fyrirtækinu. Mikið vill meira og nú er það Opel Mokka-E. Hann endurspeglar enn eitt risaskrefið sem fyrirtækið stígur í átt að heilnæmum og grænum heimi.

Komdu í Opel salinn og taktu snúning á græna risaskrefinu frá Opel.

Verð frá aðeins **4.590.000 kr.**

Langtímaleiga

Allt innifalið nema rafmagn!

Verð frá aðeins **97.600 kr.** á mánuði*



O P E L

Opel Mokka-E – 100% rafmagn. 324 km. drægni. 136 hestöfl. 30 mín að hlaða upp í 80% með hraðhleðslu. Fimm ára ábyrgð.



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR OPEL

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

1b bílar
Selfoss
Fossnes A
Sími: 480 8080

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Skoda Enyaq iV80

KOSTIR

- Rými
- Lipurð
- Drægi

GALLAR

- Verð aukabúnaðar
- Notkun miðstöðvar

Grunnverð: 5.790.000 kr.
Hestöfl: 204
Tog: 310 Nm
Hröðun 0-100 km: 8,5 sek.

Hámarkshraði: 160 km
Rafhlaða: 77 kWst
Eigin þyngd: 2.090 kg
Drægi: 536 km

Hleðslutími 50kW: 1 klst. 10 mín.
L/B/H: 4.649/1.879/1.616 mm
Hjólhaf: 2.770 mm
Farangursrými: 585 lítrar



Skoda Enyaq rafbíllinn er umhverfisvænn kostur með umtalsvert drægi.

MYNDIR/TRYGGVI
ÞORMÓÐSSON

Enn ein snilldin frá Skoda

Skoda er nú kominn með sinn fyrsta rafbil á markað og óhætt er að segja að tékkneska framleiðandanum hafi tekist vel upp. Billinn er byggður á hugmyndabílnum Vision E sem kom fyrst fram á sjónarsviðið 2017. Hann er líkt og VW ID.4 byggður á MEB undirvagninum.

Það kemur ekki á óvart að helstu tæknupplýsingar eru þær sömu og í VW ID.4 eins og afl bilsins, en hestöflin eru 204 og togíð 310 Nm. Eigin þyngd bílsins er 2.090 kg svo hann er örlítið léttari en ID.4 en engin léttavara samt. Hröðunin er líka sú sama, eða 8,5 sekúndur í hundraðið, en skilar sér með mýkri hætti en í ID.4 og virðist hafa verið fyrirfram ákveðin hjá tæknimönnum Skoda. Það sama má segja um endurhlöðun hemlakkerfís, sem er mýkri en maður á oft að venjast. Að vísu má auka viðnámið með flipum við stýri en niðurhröðun bílsins er samt ekki eins mikil og í sumum rafbílnum.

Annað sem kemur á óvart við akstur bílsins er hversu vel hann leggur á, enda engin vél eða drifbúnaður að flækjast fyrir frammi í bílnum. Það var hreint ótrúlegt hvað var hægt að snúa bílnum við þröngar aðstæður eins og sjá má á myndum með greininni. Það sem þarf þó að passa við slíkar aðstæður er að leggja ekki of mikið á stýrið ef ekið er greitt við þröngar aðstæður því þá er hætt við undirstýringu. Að öðru leyti er billinn hrekklaus að keyra, er hljóðlátur og leggst vel í beygjur, þókk sé stórum og gripmiklum dekkjum og vel uppsettum stýrisbúnaði.

Rúmgóður í öllum rýmum

Það sem aðgreinir bílninn frá ID.4 er hönnun innanrýmis sem er einfaldari, en um leið praktískari en hjá þýska systurbílnum. Fyrir það fyrsta er farangursrýmið 42 lítrum stærra, eða heilir 585 lítrar sem er vel í lagt.

Þótt þaðir bílarnir séu rúmgóðir virkar Enyaq aðeins rúmbetri



Mælaborðið er einfalt og áherslan er á stóran 13 tommu upplýsingaskjá þáðan sem hægt er að stjórna flestum aðgerðum.

Enyaq er 70 mm lengri en VW ID.4 svo hann er aðeins rúmbetri aftur í og má með góðri samvisku segja að vel fari um þrjá fullorðna í aftursætum.

enda er mælaborðið fyrirferðarminna fyrir utan stóran 13 tommu upplýsingaskjáinn. Skjárinn er fljótvirkur og auðlæsilegur en erfiðara er að nota miðstöðina eða hljóðstyrkinn gegnum hann. Sem betur fer má nota skruntakka á stýrinu til þess arna. Miðjustokkur tekur sitt pláss en hann er vel hannaður og þægilegur í notkun og gott að hvíla hægri olnbogann á loki geymsluhólfsins. Skoda Enyaq er 70 mm lengri en VW ID.4 svo að hann er aðeins rúmbetri aftur í og það má með



góðri samvisku segja að vel fari um þrjá fullorðna í aftursætum. Aðgengi er með besta móti og líka í farangursrými en rafdrifin opnun fæst ekki fyrr en í dýrustu útgáfu.

Þarf að eyða í aukahluti

En við hvaða bíla keppir Enyaq fyrir utan systurbílninn? Sem betur fer er nú hægt að fara að bera saman rafbíla af svipaðri stærð og einnig telja upp bíla sem stutt er í, eins og Nissan Ariya, sem sannarlega mun keppa við þennan bíl.



Það er hátt til lofts og vitt til veggja í aftursætunum og þess vegna fer vel um þrjá fullorðna.

Farangursrýmið er 585 lítrar svo það er talsvert stærra en í systurbílnum VW ID.4.



Eins og sést á myndaröðinni leggur billinn svo vel á að hann sneri við innan í þessum bragarústum, en snúningshringurinn er 9,3 metrar.



Rimac ofursportbíllinn telst nú framleiðslubíll og mun því eflaust reyna við einhver met áður en langt um liður.

Rimac Nevera er fljótasti bíll í heimi

Frá Króatíu kemur rafdrifinn ofursportbíll sem skilar 1.888 hestöflum og er nú fljótasti bíll í heimi í hvaða hraðatölu sem er.

njall@frettabladid.is

Rimac Nevera kom fyrst fram á sjónarsviðið sem tilraunabíllinn C_Two fyrir þremur árum síðan. Nevera byggir að miklu leyti á þeim bíl og notar sama vélbúnað sem eru fjórir öflugir mótórar við hvert hjól. Hestaflatalan er eitthvað til að státa af því að samtals skila þeir 1.888 hestöflum og hvorki meira né minna en 2.360 Nm tugi. Að sögn Rimac er aflið þrefalt á við hefðbundinn ofurbíl nútímans með brunahreyfil eingöngu. Að sögn Rimac er bíllinn 2,5 sekúndum fljótari í 300 km á klst. en áður var haldið fram, en hann er aðeins 9,3 sekúndur að ná því marki. Hröðun í 100 km er aðeins 1,85 sekúndur og hámarks- hraði hans er 415 km á klst. sem er svipað og í Bugatti Chiron.

Aflið kemur frá H-laga 120 kWst rafhlöðu undir bílnum sem er gefin upp fyrir 550 km drægi. Lag rafhlöðunnar er nokkurs konar undirstaða fyrir einrýmis yfirbyggingu bílsins sem öll er úr koltrefjum og er stærsta koltrefja-eining sem framleidd er í bílaheiminum í dag. Mikið er lagt upp



Innréttingin byggir á tölvuskjám sem tala við hugbúnaðarkerfi bílsins.



Hurðirnar eru vængjahurðir sem opnast á ská upp á við.

úr loftflæði eins og búast má við og hlutir eins og vindskeið, botnplata, vinddreifari og húdd breyta stöðu sinni eftir akstri og hraða bílsins. Aðeins 150 Rimac Nevera verða smíðaðir og síðan seldir í þremur útfærslum, GT, Signature og Timeless. Hvert eintak mun kosta um 300 milljónir króna svo við skulum ekki búast við slíkum grip hingað til lands í bráð. ■

Ofursportbíllinn Czinger 21C mun líklega ná yfir 450 km hraða

Með breytingum á hinum 1.233 hestafla Czinger 21C sem er kominn í framleiðslu nær bíllinn nú hraða sem ekki hefur sést áður í framleiðslubíl.

njall@frettabladid.is

Ameríski ofurbílaframleiðandinn Czinger hefur sýnt framleiðsluútgáfu 21C bílsins sem kemur á markað 2023. Á bíllinn að keppa við ofurbíla eins og McLaren Speedtail og Aston Martin Valkyrie en hann hefur meðal annars vakið athygli fyrir farþegarýmið sem minnir á orustubotu. Breytingin frá tilraunabíl til framleiðslubíls er talsverð og þurfti Czinger að sækja um 100 einkaleyfi til viðbótar við þau 350 sem þegar hafði verið sótt um fyrir tilraunabíllinn. Bíllinn er nú breiddari en áður og 2.050 mm á breidd sem er meira en hjá hinum svera



Czinger hefur frumsýnt nýja tölvumynd af 21C bílnum sem frumsýndur verður á næstu vikum.

Bugatti Chiron. Breiddin kemur aðallega til vegna þess að framleiðandinn vildi breiddari dekk til að ráða betur við bíllinn í beygjum. Bíllinn er aðeins 1.240 kíló svo að hestöflin eru eitt á hvert kíló þurrviktar hans. Vélin er 2,9 lítra V8 vél með tveimur forþjöppum sem gengið getur á methanóli og skilar 950 hestöflum ein og sér. Tveir 150 hestafla rafmótorar eru við framhjólina svo að saman-

lögð hestaflatala er 1.233 hestöfl. Auka 100 hestöfl eru svo til reiðu ef þess gerist sérstaklega þörf. Að sögn framleiðandans er bíllinn með allt að 452 km hámarkshraða og upptaki í 100 km á aðeins 1,9 sekúndum. Hröðun í 300 km á klst. tekur aðeins 13,8 sekúndur. Czinger hefur sagt að hámarks- hraðinn verði staðfestur í framtíðinni sem þýðir að hraðamet er í krosshárnum. ■



DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Opel Mokka-e

KOSTIR

- Útlit
- Hljóðlátur
- Verð

GALLAR

- Undirstýring
- Pláss í aftursætum

Grunnverð: 4.590.000 kr.
Hestöfl: 134
Tog: 260 Nm
Hröðun 0-100 km: 8,7 sek.

Hámarkshraði: 150 km
Rafhlaða: 50 kWst
Eigin þyngd: 1.550 kg
Drægi: 325 km

Hleðslutími 100 kW: 31 mín.
L/B/H: 4.150/1.750/1.525 mm
Hjólhaf: 2.650 mm
Farangursrymi: 310 lítrar

Nokkuð bragðgóð blanda

Óhætt er að segja að rafdrifin afurð Mokka-blöndunnar hafi vakið athygli að undanfögnu. Framendinn er áberandi með mjóum aðalljósum og Vizor útlitinu með áberandi framsettum stuðara. Í grunninn er um sama bíl og Peugeot 2008-e að ræða enda deila þeir miklu, eins og CMP undirvagninum.

Bíllinn kemur með 134 hestafla rafmótor sem skilar 260 Nm tugi en það dugar bílnum til að fara í hundraðið á 8,7 sekúndum í Sport stillingu vel á minnst. Ef bíllinn er settur í Normal akstursstillingu er hann 107 hestöfl og með 220 Nm tog, og ef farið er niður í Eco-stillinguna er hann aðeins 81 hestafl og tugið 180 Nm. Rafhlaðan er 50 kWst og drægið því í minna lagi, eða 325 km, en sú tala er örugglega nokkuð nærri lagi.

Það er gott að keyra bílinn og er hann með hljóðlátari rafbílum. Viðbragðið er vel viðunandi frá núllpunkti en ef huga á að framúrakstri er betra að hafa vaðið fyrir neðan sig. Bíllinn er framdrifinn og þess vegna er meira af þyngd hans þar og finnst það aðeins í kröppum beygjum þegar hann vill leggja aðeins niður á framhornið. Fjórðrunin er líka aðeins mýkri en í öðrum rafbílum sem er kostur þegar brugðið er út af malbiki yfir á holóttan malarveg.

Besta plássið fram í

Þótt bíllinn sé 125 mm styttri en fyrri kynslóð Mokka er hann örlítið rúmbetri að innan. Kemur það til vegna þess að bíllinn er 10 mm breidari og hjólhafið örlítið meira.

Það er tvennt sem að setja má út á við inn- eða útstig en það er annars vegar fyrirferðarmiklir B-bitar og há brik við sílsa. Þegar inn er komið er plássið hins vegar furðu gott og auðvelt fyrir hávaxna að finna góða akstursstillingu. Plássið í aftursætum er viðunandi fyrir tvo fullorðna en aftur er sílsinn fyrir fótum farþeganna. Farangursrymið er heldur ekki til að hrópa húrra fyrir en flestir samkeppnisaðilar gera betur í þeim efnum.



Opel Mokka vekur athygli fyrir frísklegt útlit og glaðlegt litaval.

MYNDIR/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON



Uppsetning mælaborðs er einföld og blátt áfram og sem betur fer er hægt að stjórna miðstöð og hljóðstyrk með hefðbundnum snúningstökkum.



Rafmótorinn er 134 hestöfl og viðbragðið 8,7 sekúndur í hundraðið.

» Það er gott að keyra bílinn og hann er með hljóðlátari rafbílum.

Helsti kostur Opel Mokka í innanrymi er vel uppsett mælaborð og sem betur fer er hægt að stjórna miðstöð og hljóðstyrk með hefðbundnum snúningstökkum. Skjárnir eru tveir og sýna á einfaldan hátt þær upplýsingar sem þörf er á.

Um miðjan flokk í verði

Samkeppnin er orðin nokkuð hörð í þessum stærðarflokk rafbíla. Augljós samkeppni er frá Peugeot 2008-e en einnig má bera hann saman við Hyundai Kona Electric og MG ZS EV til að mynda.

Opel Mokka-e kostar frá 4.590.000 kr. í grunnútgáfu en líklega vilja flestir allavega Elegance-útgáfu með leiðsögukerfi, bakmyndavél og nálægðarskynjurum. Ekki þarf að bæta miklu við til að fá vel búna GS-Line eða Ultimate-útgáfu. Eins og búast má við er verð á Peugeot 2008 í svipuðum tón en grunnverð hans er 4.490.000 kr. Vel búinn MG ZS EV er frá 4.090.000 kr. og Hyundai Kona Electric frá 5.290.000 kr. með minni rafhlöðunni svo að Opel Mokka liggur um miðjan flokkinn í verði. ■



Pláss er af skorum skammti fyrir fætur og hár síls flækist fyrir.



Farangursrymi er 310 lítrar sem er minna er hjá samkeppnisaðilum.

MICKEY THOMPSON

M/T

TIRES & WHEELS



DEEGAN 38
A/T

BAJA
MTZp3

BAJA
ATZp3

DEEGAN 38

BAJA
CLAW

BAJA
CLAW TTC

Ice-track ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



FERÐASUMARIÐ MIKLA

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA
VIÐ BÍLAEIGENDUR OG
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÍLANAUST



FARANGURSBOX



ÞVERBOGAR



REIÐHJÓLAFESTINGAR



HLIÐARSPEGLAR



TRAPPA



DÚKUR Í FORTJALD



KÆLIBOX



BÓNVÖRUR



NEYSLUGEYMAR



HLEÐSLUTÆKI



STRAUMBREYTI



DRÁTTARBEISLI

Allt fyrir bílinn á einum stað!

Bílanaust



RAFMAGNSVÖRUR



LOFTPRESSUR 12V

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Listisýning Snigils #1 á gömlum mótorhjólum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

**Í sumar er haldin sérstök yfirlits-
sýning á verkum listamannsins
Hilmars Lútherssonar, en hjá
þeim sem þekkja eitthvað til
mótorhjóla á Íslandi er hann
þekktur fyrir áhuga sinn á
gömlum mótorhjólum og því að
koma þeim í upprunalegt horf.**

Sýningin er haldin í allt sumar á Mótorhjólafni Íslands sem staðsett er skammt frá flugvelliðum á Akureyri. Mótorhjólafnið er opið á hverjum degi milli klukkan 13–17 og þá líka um helgar.

Á sýningunni má sjá rúman tug mótorhjóla sem Hilmar hefur gert upp en alls hefur hann gert upp um fimmtíu mótorhjól gegnum tíðina. Flest hafa þessi mótorhjól fundist hér á landi, annaðhvort af honum sjálfum eða öðrum og risið upp úr öskustónni eftir að Hilmar hefur farið höndum um þau. Meðal gripa á sýningunni eru Velocette MAC 350 1936, Federation 1936, Ariel NH350 1938, Matchless G8L 1946, New Hudson 1946, Victoria 50 1960, Simson 50 1963, BSA Thunderbolt 1972 og Kawasaki GPz 900 1986.

Elsta hjólið á sýningunni er Velocette MAC 350 frá 1936. Hilmar eignaðist það 2019 en það hafði reyndar farið um hendur hans rúmum tveimur áratugum áður þegar vinur hans Steini Tótu byrjaði uppgerð á því. Þá voru gjarðir teinadar, gerður upp mótör og grindin máluð en svo fór það í biðstöðu. Saga Velocette hjólsins er nokkuð óljós en líklega kom það nýtt til Vestmannaeyja og var þar í eigu Sölvu nokkurs.

Eftir stríð er hjólið komið til Siglufjarðar en þar lendir það í umferðaróhappi rétt fyrir 1950. Helgi Ólafsson kaupir það eftir tjónið og flytur það með fiskiskipinu Súðinni til Raufarhafnar. Ragnar Svanholt á Þórshöfn eignast hjólið kringum 1954 og á það í eitt ár, en svo fær Jóhann á Ormslóni hjólið sem notar það í mörg ár. Þróstur Viðisson fréttir



Velocette MAC 350 hjólið kom nýtt til landsins 1936 og lítur nú aftur eins vel út 85 árum seinna.



Hilmar Lúthersson við opnun sýningarinnar á Mótorhjólafni Íslands.

» Sýningin er haldin í allt sumar á Mótorhjólafni Íslands og er opið milli 13-17 alla daga.

svo af gömlu mótorhjólum á Ormslóni 1988 og eignast það eftir samtal við Jóhann bónda.

Hjólið gerði Hilmar upp 2019–2020 og talsvert fór af nýjum hlutum í hjólið, ekki síst hið verklega þústkerfi sem undir því er. ■



Svona leit hjólið út seint á niunda áratug síðustu aldar þegar það kom í hendur þeirra Hilmars og Steina.

Viltu kaupa mótorhjólið úr Easy Rider?

Captain America er hjólið sem Peter Fonda ók í kvikmyndinni Easy Rider frá 1969 en það mun nú vera á leið á uppboð í Bandaríkjunum 21. júní næstkomandi. Um mikið breytt Harley-Davidson 1952 með Panhead mótör er að ræða sem breytt var af Dan nokkrum Haggerty.

njall@frettabladid.is

Til að gera einfalda sögu flókna er ekki um eitt mótorhjól að ræða, en Haggerty mun hafa smíðað fjögur eins hjól fyrir tökum myndarinnar.

Hjólið sem verður boðið upp er hjólið sem notað var í lok myndarinnar, þegar sveitalubbarinn skjóta þá Dennis Hopper og Peter Fonda með köldu blóði og hjólið endar á bálkesti utan vegar. Haggerty mun hafa fengið það hjól gefins eftir að tökum á myndinni var lokið, en hinum þremur mun öllum hafa verið stolið. Haggerty gerði hjólið upp og sýndi á ríkissýningu Iowa, en það fór svo á uppboð og var selt Gordon nokkrum Granger árið 1996 fyrir 63.500 dollara.

Hér verður málið nokkuð flókið því að það fór svo aftur á uppboð 2014 og seldist fyrir metupphæðina 1.350.000 dollara, en það var samt ekki sama hjólið að sögn Haggerty, heldur eitt af hjólunum sem stolið var. Hjólið sem nú er í sölu er hjól Granger og því fylgja þrjú skjöl er votta sögu þess, eitt



Hjólið sem selt var 2014 hefur verið tilefni deilna og margir dregið uppruna þess í efa, meðal annars Peter Fonda.



Atriðið úr myndinni þegar hjólið fer út af eftir að Peter Fonda er skotinn.



Captain America er hjól Peter Fonda fyrir aftan hjól Dennis Hopper.

» Til að gera einfalda sögu flókna er ekki um eitt mótorhjól að ræða, en Haggerty mun hafa smíðað fjögur eins hjól fyrir tökum myndarinnar.

þeirra undirritað af Haggerty sjálfum en hann dó árið 2016.

Áætlað er að hjólið fari fyrir allt að hálfu milljón dollara sem þykir ekki mikið í þessum uppboðsheimi, og spennandi verður að sjá hvort slegist verði um gripinn eða ekki. ■



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Fyrsta afurð VW/Ford samstarfsins væntanleg 2023

njall@frettabladid.is

Ford áætlað að fyrsti rafbíll merkisins sem byggður verður á MEB undirvagninum frá Volkswagen komi á markað árið 2023. Verður það fyrsti bíllinn sem smíðaður verður í rafbilaverksmiðju Ford í Köln. Í staðinn mun Ford sjá um að smíða vinnubíla fyrir Volkswagen-merkið.

Það er ekki bara undirvagninn

» Rafbíllinn mun koma á MEB undirvagninum og deila fjöðrunarbúnaði og tölvubúnaði með bílum Volkswagen.



Rafjeplingurinn frá Ford mun byggja á MEB undirvagn Volkswagen en hafa útlitið frá Ford.

sem Ford mun nota heldur einnig mótor og fjöðrunarbúnað ásamt tölvukerfum sem tengjast þeim. Það þýðir að von getur verið á fleiri en einni útgáfu af bílnum, sem verður í næsta stærðarflokki fyrir neðan Ford Mustang Mach-E.

Bíllinn hefur ekki fengið nafn enn þá en ekki er ólíklegt að Ford saki í fortíðina eins og þeir hafa gert að undanfögnu með Puma, Bronco og Mustang. ■



Aðeins glittir í afturenda bílsins með Fuji-fjallið í baksýn á nýjustu mynd Lexus af NX jeppingum.

Fyrsta opinbera myndin af nýjum Lexus NX

njall@frettabladid.is

Önnur kynslóð Lexus NX jeppingsins verður frumsýnd 12. júní næstkomandi og Lexus-merkið hefur sent frá sér fyrstu myndina, sem sýnir efri hluta afturenda bílsins.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar þar eins og sjá má af ljósálinu sem nær breidd bílsins, en slíkt er mjög vinsælt hjá framleiðendum í dag. Búast má við að bíllinn notist við tengiltvinnútgáfu eins og hjá Toyota RAV4 enda byggir bíllinn á sömu botnplötu.

Lexus hefur einnig sótt um einkaleyfi á nöfnunum NX 350 og NX 350h sem þýðir að von er á sömu tvinnútfærslu og í LC500h en þar er 3,5 lítra V6 vél með tvinnbúnaði sem samtals skilar 354 hestöflum. ■



Zaiser Electrocycle er tvíhjóladrifinn krúser með mikið drægi fyrir mótörhjól.

Zaiser rafhjól með 480 km drægi

njall@frettabladid.is

Zaiser er frumkvöðlafyrirtæki í Colorado sem er um það bil að hleyfa fyrsta rafdrifna mótörhjól sínu af stokkunum. Hjólið kallast Electrocycle og er athyglisvert fyrir margar sakir, ekki síst fyrir drægi sem Zaiser segir að sé allt að 480 km.

Hjólið mun koma á markað snemma á næsta ári og er í flokki krúser mótörhjóna, er búið 17,3 kWst rafhlöðu og tveimur rafmótörum á hvoru hjóli fyrir sig. Hámarkshraði þess er 195 km á klst. og það er 3,6 sekúndur í hundradíð en Zaiser hefur ekki enn gefið upp hestaflatölu hjólsins.

Eins og gefur að skilja eru þessar tölur bara frá Zaiser eins og er, og athyglisvert verður að sjá hvort merkið standi við þær þegar hjólið kemur á markað. ■

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI



FÖST VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA REYNsla

NÁKVÆMAR VERKLYSINGAR

RAFREN TILBOÐ OG SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhiða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com